

48. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 28. ágúst 2018, kl. 13:00 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Edwards Huijbens, Katrín Freysdóttir, Rósa Jónsdóttir, Dóróþea Reimarsdóttir, Ásgeir Logi Ásgeirsson, Inga Eiríksdóttir fulltrúi kennara, Dagný Ásgeirsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá

1. Kjör formanns

Fram kom tillaga um Edward Huijbens sem formann og Dóróþeu Reimarsdóttur sem varaformann. Tillagan samþykkt samhljóða. Skólameistari fór yfir hlutverk skólanefndar skv. lögum um framhaldsskóla frá 2008 nr. 92 fyrir nýja skólanefnd.

2. Fundir vetrarins dagsettir

Samþykkt að skólanefndarfundir verði þriðja þriðjudag annan hvern mánuð kl. 13:00. Fundir í ágúst og september verða sameinaðir sem og maí og júní. Næsti fundur verður því þriðjudaginn 20. nóvember.

3. Tengsl við atvinnulíf

Rætt um tengsl við atvinnulíf. Fyrir liggur að móta stefnu um tengsl skólans við atvinnulíf. Stefnt að því að stefnan verði tilbúin um áramót.

4. Yfirlit yfir samninga sem eru í gildi

Lagt fram yfirlit yfir samninga skólans við aðila utan skólans. Umræður um samningana.

5. Niðurstaða vorannar og upphaf haustannar

Aðstoðarskólameistari fór yfir niðurstöður vorannar. Skólinn skilaði samtals 173 nemendaígildum, þar af 13 á starfsbraut. Meðaleinkunn í áföngum var 6,5 sem er svipað og verið hefur undanfarnar annir. Meðalbrottfall var 4%. Brottfall meðal fjarnema var 4% meðan brottfall meðal staðnema var sáralítið eða 1%. Nýtingarhlutfall í hópum var 84% sem er 11% hærra en önnina á undan.

Á vorönn voru um 350 nemendur við nám í skólanum, þar af um 250 í fjarnámi. Þann 19. maí útskrifuðust 45 nemendur, þar af 12 fjarnemar og 20 af fisktæknibraut. Á haustönn útskrifuðust 18. Á síðasta skólaári útskrifuðust því 63 nemendur og hafa þá 223 verið brautskráðir frá upphafi.

Í upphafi haustannar eru skráðir nemendur 343 og þar af 233 í fjarnámi. Nemendur starfsbrautar eru 10.

6. Rekstrarniðurstöður fyrri hluta árs

Inga Eiríksdóttir fjármálastjóri gerði grein fyrir rekstrarniðurstöðum fyrri hluta árs. Rekstur skólans er innan marka fjárhagsramma. Árið 2017 er enn óuppgert og rekstrarniðurstaða þess liggur því ekki fyrir sem tengist nýjum

reikningskilareglum ríkisins.

7. Önnur mál

7.1 EcoMedia

Lára kynnti ráðstefnu sem haldin verður í skólanum í október. Þetta er styrkhæf Evrópuráðstefna um menntun í dreifbýli í dreifnámi, Global Education in Rural Environment.

7.2. Laun skólanefndar

Lára upplýsti hvað nefndarmenn fá greitt fyrir fund. Greiddar eru þrjár einingar fyrir fund, nema formaður sem fær 8 einingar á mánuði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:18.